

## Rekstrar- og mannauðsstjóri

Héraðsdómur Reykjavíkur auglýsir eftir rekstrar- og mannauðsstjóra. Starfið heyrir beint undir dómstjóra og felur í sér daglegan rekstur og mannauðsstjórnun dómstólsins.

### Hæfniskröfur:

- Vegna eðli starfsemi dómstólsins er gerð krafa um embættispróf í lögfræði.
- A.m.k. þriggja ára stjórnunarreynsla skilyrði.
- Stjórnunarhæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð.
- Viðkomandi þarf að vera fylginn sér og eiga auðvelt með að taka ákvarðanir.
- Hæfni til þess að tjá sig á einu Norðurlandamálanna ásamt ensku.
- Tölvufærni.
- Áhugi á mannauðsmálum.

### Starfssvið:

- Yfirumsjón með daglegum rekstri dómstólsins.
- Mannauðsmál, þ.m.t. ráðningar nýrra starfsmanna og eftirfylgd starfsmannastefnu dómstólsins.
- Gerð rekstraráætlunar og eftirfylgd.
- Upplýsingagjöf – yfirumsjón með innri vef dómstólsins.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Upplýsingar veita:

Rannveig J. Haraldsdóttir,  
rannveig@hagvangur.is

Ólöf Finnsdóttir,  
skrifstofustjóri Héraðsdóms  
Reykjavíkur - s: 5604900

Umsóknarfrestur er til og  
með 23. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## FLUGMENN ÓSKAST TIL STARFA HJÁ ICELANDAIR

Icelandair óskar eftir að ráða flugmenn til starfa vegna aukinna umsvifa. Við leitum eftir áhugasömum flugmönnum í áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæðavinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.

Umsækjendur skulu hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun fyrir tveggja hreyfla flugvél, hafa lokið bóklegu námi til réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks og hafa lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi (MCC).

### UMSÓKNUM ÞURFA AÐ FYLGJA EFTIRFARANDI GÖGN:

- | Afrit af flugmannsskírteini ásamt áritunum og heilbrigðisvottorði
- | Afrit af prófskírteinum ásamt einkunnum fyrir allt bóklegt flugnám
- | Afrit af stúdentsskírteini eða öðrum sambærilegum prófskírteinum ásamt einkunnum
- | Afrit af síðustu 100 fartímum í flugdagbók
- | Nýtt sakavottorð

Vegna fyrirsjáanlegrar árstíðarsveiflu í umsvifum Icelandair er gert ráð fyrir að nýir flugmenn hefji störf næsta vor og starfi til hausts.

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsskírteini eða öðru sambærilegu námi.

### Á UMSÓKN SKAL VERA SUNDURLIÐUN FLUGTÍMA SEM HÉR SEGIR:

- | Heildarfartími
- | Fartími sem kennari
- | Fartími í blindflugi
- | Fartími sem flugstjóri
- | Fartími á fjölhreyfla flugvél
- | Fartími á fjölstjórnarflugvél (MPA)
- | Fartími á þotu og skrufuþotu

### Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er til og með 21. október.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið á vef Icelandair [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn)  
Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

### Fyrirspurnum svara:

Hilmar Baldursson, flugrekstrarstjóri | [hba@icelandair.is](mailto:hba@icelandair.is)  
Þorgeir Haraldsson, yfirflugstjóri | [tor@icelandair.is](mailto:tor@icelandair.is)  
Einnig á netfangið: [starf@icelandair.is](mailto:starf@icelandair.is) | 5050 300



# Fjölbreytt störf í boði

LS Retail ehf. leitar að starfsfólki til að takast á við aukin verkefni. Óskum að ráða í eftirtalin störf:

## Þjónustustjóri

Starfssvið felst í þjónustu á viðskiptalausnum LS Retail.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Þekking og reynsla á Microsoft Dynamics NAV. Skipulögð vinnubrögð og góðir samstarfshæfileikar ásamt góðri enskukunnáttu eru skilyrði. Reynsla af LS Retail hugbúnaðarlausnum kostur.

## Ráðgjafi Microsoft Dynamics

Starfssvið felst í ráðgjöf og þjónustu á viðskiptalausnum byggðum á Microsoft Dynamics.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Góð almenn tölvukunnátt. Haldgóð þekking á Microsoft Dynamics er æskileg. Reynsla af verslunarlausnum skilyrði. Góðir samskiptahæfileikar eru skilyrði og viðkomandi verður að vera ófeiminn við að sýna og kenna á hugbúnað. Mjög góð enskukunnátt er skilyrði.

## Söluráðgjafi

Starfssvið felst í söluráðgjöf á viðskiptalausnum LS Retail, bæði fyrir viðskiptavini og samstarfsaðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Góð almenn tölvukunnátt. Reynsla af verslunarlausnum skilyrði. Góðir samskiptahæfileikar eru skilyrði og viðkomandi verður að vera ófeiminn við að sýna og kenna á hugbúnað. Mjög góð enskukunnátt er skilyrði.

## Hugbúnaðarhönnuður .NET

Starfssvið felst í hönnun og forritun á hugbúnaðarlausnum í .NET umhverfi

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt nám. Skipulögð vinnubrögð og góðir samstarfshæfileikar ásamt góðri enskukunnáttu eru skilyrði. Viðkomandi þarf að geta unnið í dýnamísku starfsumhverfi þar sem Agile aðferðafræði er beitt. Þekking á Microsoft Visual Studio og C# er kostur en ekki skilyrði.

## Sérfræðingur í viðskiptagreind (Business Intelligence)

Starfssvið felst í ráðgjöf og þjónustu á viðskiptagreindarlausnum byggðum á LS Retail hugbúnaði

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun eða sambærilegt nám. Haldgóð þekking á viðskiptagreindarlausnum er skilyrði. Reynsla af verslunarlausnum mikill kostur. Góðir samskiptahæfileikar eru skilyrði og viðkomandi verður að vera ófeiminn við að sýna og kenna á hugbúnað. Mjög góð enskukunnátt er skilyrði.

## Hugbúnaðarhönnuður veflausna

Starfssvið felst í hönnun og forritun veflausna

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt nám. Skipulögð vinnubrögð og góðir samstarfshæfileikar ásamt góðri enskukunnáttu eru skilyrði. Viðkomandi þarf að geta unnið í dýnamísku starfsumhverfi þar sem Agile aðferðafræði er beitt. Þekking á Microsoft Visual Studio, C# og ASP.NET er kostur en ekki skilyrði.

## Hugbúnaðarhönnuður handtölvulausna

Starfssvið felst í hönnun og forritun á lausnum fyrir hand- og spjaldtölvur

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt nám. Skipulögð vinnubrögð og góðir samstarfshæfileikar ásamt góðri enskukunnáttu eru skilyrði. Viðkomandi þarf að geta unnið í dýnamísku starfsumhverfi þar sem Agile aðferðafræði er beitt. Reynsla af hugbúnaðarþróun fyrir handtölvur (Android, Windows Mobile, iOS) er kostur en ekki skilyrði.

Við leggjum okkur fram, stöndum saman og vitum hvað þarf til að skara framúr. Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð í þróun hugbúnaðar á alþjóðavísu. Við þróum hugbúnað fyrir fyrirtæki í verslunarrekstri og seljum vörur okkar gegnum net 140 endursöluaðila í 60 löndum. Við leitum að öflugum og metnaðarfullum fólki sem er reiðubúið að takast á við fjölbreytt og vaxandi verkefni. Nú er lag að sækja um starf og koma til liðs við samheldinn hóp.

*Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda ferilskrá á íslensku eða ensku þar sem tilgreint er hvað um er sótt á eftirfarandi netfang:*

**jobs@LSRetail.com**

**Microsoft Partner**  
Gold Enterprise Resource Planning



**LS RETAIL**

Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGUR Í  
BANKAEFTIRLITIFJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing í bankaeftirlit á lánasviði. Lánasvið skiptist í lögfræðiráðgjöf, áhættugreiningu og eftirlitseiningar. Sérfræðing vantar í eftirlitseiningu. Starfið felur í sér eftirlit með og samskipti við tiltekin félög, samhæfingu eftirlits með þeim og samvinnu við aðrar einingar innan sviðsins sem utan. Við óskum eftir metnaðarfullum einstaklingi með góða greiningar- og samskiptahæfileika og getu til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni.

## Starfssvið:

- Greining, mat og eftirlit með helstu áhættupáttum
- Ítarleg könnun á viðskiptaáætlunum og eftirlit með rekstri
- Yfirferð gagna og samskipti við stjórnendur
- Vettvangsathuganir og skýrslugerð
- Þátttaka í innlendu og erlendu samstarfi
- Önnur tilfallandi verkefni

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðeigandi háskólamenntun, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði
- Viðeigandi reynsla af fjármálamarkaði æskileg
- Rík greiningarhæfni nauðsynleg
- Frumkvæði, metnaður, sveigjanleiki og góð samskiptahæfni
- Hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi
- Mjög gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð eftirlitsstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og í samræmi við eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparissjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar- og váttryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á [www.fme.is](http://www.fme.is)

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir ([jona.sigurjonsdottir@capacent.is](mailto:jona.sigurjonsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 24. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is). Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

ISLENSKA SÍÐA.IS ITS 56664 10/11



## DEILDARSTJÓRI Í INNKAUPADEILD

Icelandair leitir að öflugum liðsmanni til starfa sem deildarstjóri í innkaupadeild í tækniþjónustu Icelandair – Icelandair Technical Services, ITS, á Keflavíkurflugvelli.

Varahluta- og innkaupadeild er 40 manna starfseining. Deildin annast innkaup, geymslu, sölu, flutning og stýringu á varahlutum fyrir Icelandair og viðskiptavinum þess um heim allan. Deildarstjóri leiðir þennan hóp og tekur virkan þátt í verkefnum deildarinnar.

## STARFSLÝSING

- | Stýring og ákvarðanatöku vegna innkaupa, viðgerða og sendingar varahluta
- | Stýring, bestun og hámarkun nýtingar á varahlutaeign félagsins
- | Samningagerð við birgja og viðskiptavinum, innlenda og erlenda
- | Daglegur rekstur deildarinnar, þ.m.t. starfsmannamál
- | Stefnumótun og áætlanagerð

## HÆFNISKRÖFUR

- | Háskólapróf í verkfræði, viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- | Reynsla af birgðahaldi æskileg
- | Góð stjórnunarreynsla og samskiptahæfni
- | Mjög góð enskukunnátta er skilyrði
- | Frumkvæði, skipulag og hæfni til að vinna undir álagi er skilyrði
- | Áhugi á flugstarfsemi

Við leitum að áhugasömum einstaklingi í öflugt og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi, með framúrskarandi samskiptahæfileika sem finnst gott að vinna sem hluti af heild í sibreytilegu alþjóðlegu umhverfi. Lögð er áhersla á vönduð og sjálfstæð vinnubrögð. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.


## Fyrirspurnum svara:

Jens Þórðarson | 4250 199 | [jensth@its.is](mailto:jensth@its.is)  
Kristín Björnsdóttir | 5050 155 | [stina@icelandair.is](mailto:stina@icelandair.is)

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 16. október 2011.

ICELANDAIR  
WWW.ICELANDAIR.IS

## Míla leitar að sérfræðingi í hönnun örbylgjusambanda



### Starfslýsing

- Hönnun nýrra örbylgjusambanda Mílu
- Hönnun SDH og IP sambanda
- Umsjón með tíðnum Mílu og samskipti við Póst- og fjarskiptastofnun
- Hönnun lausna fyrir viðskiptavinum
- Áætlanagerð varðandi örbylgjukerfi

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði verk- eða tæknifræði
- Samskiptalipurð
- Skipulagshæfni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 22. október 2011.

Í umsókn skal koma fram lýsing á náms- og starfsferli, sem og nöfn og símanúmer meðmælenda. Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi allar umsóknir, fyrirspurnir og persónulegar upplýsingar.

Umsóknir skulu sendar á [umsoknir@mila.is](mailto:umsoknir@mila.is)

Míla byggir upp og rekur fullkomna fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er lífæð samskipta.

Gildi Mílu eru virðing, forysta og traust.



Míla ehf. • Stórhöfða 22 • Sími 585 6000 • [www.mila.is](http://www.mila.is)



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar  
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar óskar eftir starfskrafti í fullt starf í sérhópadeild fyrirtækisins. Við leitum að jákvæðum og öflugum aðila til að sjá um skipulagningu og úrvinnslu ferða fyrir erlenda ferðamenn, með áherslu á þýskumælandi markað.

### Hæfniskröfur:

- Mjög góð þýsku-, ensku- og íslenskukunnátta
- Reynsla og/eða menntun í ferðaþjónustu æskileg
- Góð þekking á landafræði Íslands
- Góð tölvukunnátta

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Umsóknir og fyrirspurnir:

Sonja Magnúsdóttir: [sonja@gjtravel.is](mailto:sonja@gjtravel.is)



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Sérfræðingur á skrifstofu menntamála

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar tímabundið starf sérfræðings í í málefnum er einkum varða námskrágerð og þróun námsbrauta á framhaldsskólastigi, á skrifstofu menntamála, stefnumótunar- og þróunardeild. Um er að ræða fullt starf í eitt ár.

Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi með yfirgripsmikla þekkingu á framhaldsskólakerfi landsins, einkum starfsmenntun, innsýn inn í þær breytingar sem ný aðalnámskrá framhaldsskóla boðar og starfsreynsla sem framhaldsskólakennari eða stjórnandi í framhaldsskóla. Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli og þekking á nýtingu upplýsingatekni eru nauðsynlegir kostir ásamt ritfærni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun greiddast samkvæmt launakerfi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Nánari upplýsingar veitir Jens Pétur Hjaltested á upplýsinga- og fjármálasviði.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 25. október 2011.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,

LARGE ENOUGH  
FOR **GLOBAL** MARKET LEADERSHIP  
- SMALL ENOUGH FOR YOU TO MAKE A  
DIFFERENCE

*Dresser-Rand AS in Norway is part of the Dresser-Rand Group, an independent energy industry leader with headquarters in Paris and Houston. Dresser-Rand has approximately 7,000 employees with around 180 based in Norway, one of its 12 world wide manufacturing facilities. The Norwegian activities include the engineering and manufacturing of gas turbine packages for generators and centrifugal compressors as well as being a service hub for all Dresser-Rand products. With a gas turbine power range from 1 to 55 MW, Dresser-Rand AS supports the oil and gas industry at offshore and land based installations around the world. The company is situated close to both mountains and the coast in the beautiful countryside city of Kongsberg, an one hour car drive to the capital, Oslo.*

**DRESSER-RAND**

Are you interested in working in an international company in Norway within oil and gas?

**VISIT US DURING THE EURES JOB DAYS AT REYKJAVIK CITY HALL:**

FRIDAY **14TH OCTOBER**, 17:00-20:00

SATURDAY **15TH OCTOBER**, 12:00-18:00

[www.dresser-rand.com](http://www.dresser-rand.com)

[www.octagon.no](http://www.octagon.no)

**Veist þú hvað VR gerir fyrir þig?**

VR býður atvinnuleitandi félagsmönnum upp á fjölda áhugaverðra námskeiða, þeim að **kostnaðarlausu**. Um er að ræða ýmiss konar námskeið sem auka þekkingu, hæfni og reynslu.

Nánar á [www.vr.is](http://www.vr.is)

Virðing Réttlæti

**VR**

**Laus er staða bókara hjá fyrirtæki í ferðapjónustu.**

Óskað er eftir töluglögum einstaklingi með reynslu af DK bókhaldsforritinu. Góð almenn tölvukunnátta skilyrði ásamt jákvæðni, samskiptafærni og sveigjanleika í starfi. Starfið felst í færslu bókhalds, afstemmingum, uppfærslum á birgðakerfi, samskipti við birgja og einnig vinnu við almenna starfsemi félagsins s.s. símsvörun. Umsóknir sendist á [box@frett.is](mailto:box@frett.is)



## Faggreinar vélstjórnar

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins, auglýsir eftir kennurum til kennslu í vélstjórnar- og vélfræðigreinum frá og með vorönn 2012.

**Menntunarkröfur:**

Véltæknifræðingur/vélaverkfræðingur með vélfræðimenntun og starfsreynslu. Kennsluréttindi æskileg.

Við leitum að áhugasömum einstaklingum sem vilja vinna í krefjandi og metnaðarfullum skóla. Nánari upplýsingar veitir Egill Guðmundsson skólastjóri Véltækniskólans, í síma 514 9501 og í tölvupósti, [egud@tskoli.is](mailto:egud@tskoli.is)

Umsóknir sendist á [bg@tskoli.is](mailto:bg@tskoli.is) fyrir 16. október.

**Tækniskólinn**  
skóli atvinnulífsins



[www.tskoli.is](http://www.tskoli.is)

# Rafvirkki

## Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða rafvirkja til sölustarfa í raflagnadeild fyrirtækisins.

Starfið felur einkum í sér kynningu og sölu á raflagnaefni og öðrum raflúnaði sem og ýmis önnur verkefni.

Leitað er að röskum, sjálfstæðum og samvinnuliprum einstaklingi með góða fag- og efnisþekkingu og reynslu af rafvirkjastörfum, sem hefur einnig brennandi áhuga á sölu- og markaðsstörfum og mannlegum samskiptum.

Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Um er að ræða gott framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

**Peir sem áhuga hafa á þessu starfi eru beðnir að senda umsókn til Smith & Norland með upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf fyrir mánudaginn 17. október. Umsóknareyðublað fást á skrifstofu Smith & Norland og þau má einnig nálgast á heimasíðu fyrirtækisins, [www.sminor.is](http://www.sminor.is).**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Nánari upplýsingar um starfið eru veittar í síma 520 3022.

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

# Atvinnutækifæri í Evrópu

## Vinnumálastofnun og EURES standa fyrir starfakynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur 14. og 15. október

**Föstudagur 14. október kl. 17:00 – 20:00**

**Laugardagur 15. október kl. 12:00 – 18:00**

Á kynningunni verða kynnt laus störf og veittar upplýsingar um starfs- og búsetuskilyrði víða í Evrópu. Einnig gefst fólki færi á að ræða milliliðalaust við atvinnurekendur. Sjá má hluta þeirra starfa sem í boði eru á síðunni [www.eures.is](http://www.eures.is) með því að smella á „Laus störf“

Norsk fyrirtæki og bæjarfélög kynna laus störf og taka á móti umsóknum.

EURES ráðgjafar frá Bretlandi, Danmörku, Noregi, Þýskalandi, Svíþjóð og Belgíu kynna atvinnutækifæri í sínum löndum.

**Einkum er eftirspurn eftir fólki úr eftirtöldum starfsstéttum:**

Iðnaðarmönnum svo sem smiðum, pípulagningamönnum, rafvirkjum ofl., járníðnaðarmönnum, verkfræðingum, hjúkrunarfræðingum ofl. heilbrigðisstarfsfólki, vélvirkjum, suðumönnum og bifvélavirkjum fyrir vörubíla.

## Your Job in Europe - European Job Days 2011

The Directorate of Labour and EURES IS host a European Job fair in Reykjavik City Hall on the following dates:

**Friday 14th October 17:00 – 20:00**

**Saturday 15th October 12:00 – 18:00**

Are you interested in finding a job opportunity abroad? At the fair you will find a wide range of vacancies, get a chance to meet employers and to discuss your plans with EURES Advisers from different countries. You also get first hand information about living and working abroad.

Some of the vacancies are listed on our website [www.eures.is](http://www.eures.is) under "Laus störf".

  
VINNUMÁLA  
STOFNUN

  
EURES  
European Employment Services  
[www.eures.is](http://www.eures.is)

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Rekstrarstjóri fyrir nemendagarða

## Starfssvið:

- Úthlutun húsnæðis
- Gerð húsaleigusamninga
- Afhending húsnæðis
- Úttektir á húsnæði
- Samskipti við íbúa
- Móttaka verkbeiðna frá íbúum
- Viðhald, skipulag og framkvæmd
- Innheimta og bókhald

## Reynsla og hæfniskröfur:

- Rekstrar- og iðmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldi æskileg
- Reynsla af almennu viðhaldi nauðsynleg
- Góð almenn tölvuþekking
- Viðkomandi þarf að vera skipulagður og nákvæmur
- Frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum

Um er að ræða fullt starf. Umsóknir ásamt upplýsingum um umsækjendur og starfsferilsskrár sendist til Halldóru Jónsdóttur á netfangið [halldora@bifrost.is](mailto:halldora@bifrost.is) fyrir 18. október nk.



Háskólinn á Bifröst er „Campus“ háskóli í Norðurárdal, í einni mestu náttúruperlu landsins. Í háskólaþorpinu búa nemendur og starfsfólk ásamt fjölskyldum sínum. Þar er ört vaxandi samfélag fólks á öllum aldri.

[www.bifrost.is](http://www.bifrost.is)

  
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



## Dýralæknaþjónusta í dreifðari byggðum landsins

Matvælastofnun auglýsir eftir sjálfstætt starfandi dýralæknum til að taka að sér almenna dýralæknaþjónustu og bráðabjónustu í dreifðari byggðum landsins í samræmi við reglugerð nr. 846/2011. Með reglugerðinni er ætlað að tryggja dýraeigendum nauðsynlega almenna þjónustu og bráðabjónustu við dýr á landssvæðum þar sem fjöldi dýra er takmarkaður og/eða verkefni dýralækna af skornum skammti.

Gerður verður þjónustusamningur við viðkomandi dýralækni/dýralækna á hverju þjónustusvæði fyrir sig. MAST tryggir skv. samningnum mánaðarlega greiðslu til að sinna dýralækna- og bráðabjónustu á viðkomandi þjónustusvæði.

Dýralæknir sem gerir þjónustusamning skal vera með starfsstöð innan hlutaðeigandi þjónustusvæðis til að tryggja eftir föngum að dýraeigendur fái ávallt dýralækna- og bráðabjónustu innan hæfilegs tíma. Dýralækninum er heimilt að sinna bráða- og dýralæknaþjónustu á öðrum svæðum en tilgreind eru í samningi þessum. Með sama hætti er öðrum dýralæknum heimilt að bjóða fram þjónustu sína á þjónustusvæðinu.

### Um eftirfarandi þjónustusvæði er að ræða:

**Þjónustusvæði 1:** Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær.

**Þjónustusvæði 2:** Dalabyggð, Reykhólahreppur, Stranda- byggð, Árneshreppur, Kaldraneshreppur og Bæjarhreppur.

**Þjónustusvæði 6:** Bakkafjörður (fyrrum Skeggjastaða- hreppur), Vopnafjarðarhreppur, Fljótaldshérað, Fljótaldshreppur, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður og Fjarðabyggð (nema Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður).

**Þjónustusvæði 8:** Sveitarfélagið Hornafjörður.

**Þjónustusvæði 9:** Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur.

Nánari upplýsingar um dýralæknaþjónustu og gerð þjónustusamnings veita Halldór Runólfsson ([halldor.runolfsson@mast.is](mailto:halldor.runolfsson@mast.is)) og Hafsteinn Jóh. Hannesson ([hafsteinn.hannesson@mast.is](mailto:hafsteinn.hannesson@mast.is)) í síma 530-4800. Jafnframt er vísað til reglugerðar nr. 846/2011 um dýralæknaþjónustu í dreifðari byggðum landsins. Umsóknum um þjónustusvæði skal skilað til Matvælastofnunar, Austurvegi 64, 800 Selfoss, merktum "Dýralæknir – þjónustusvæði X" eða með tölvupósti á [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is) en **umsóknarfrestur er til og með 17. október 2011.**



HRV Engineering er framsækið þjónustufyrirtæki við áliðnaðinn og hefur um árabil sérhæft sig í uppbyggingu álvera.

HRV vinnur eftir viðurkenndum alþjóðlegum verkefnastjórnunaraðferðum við undirbúning, hönnun og stjórnun framkvæmda. HRV sérhæfir sig í þjónustu við álver, hérlendis og erlendis

# VERKEFNALEIÐTOGI ÓSKAST

## VIÐSKIPTASTJÓRI (PROGRAM MANAGER) HRV REYÐARFIRÐI

HRV býður spennandi og krefjandi starf fyrir verkefnaleiðtoga á Austurlandi.

Um er að ræða starf við stjórnun Verkfræðiþjónustu HRV fyrir Alcoa á Reyðarfirði. Í starfinu felst m.a. skipulagning krefjandi verkefna, gerð og eftirfylgni verkefnaáætlana, ásamt því að stjórna hópi verkefnastjóra og sérfræðinga. Starfið kallar á jákvæð og uppbyggileg samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila HRV.

Þekking á verkefnastjórnun er nauðsynleg og þarf umsækjandi að geta sýnt fram á reynslu á því sviði, helst í tengslum við verklegar framkvæmdir tengdar iðnaði eða virkjunum. Viðkomandi mun starfa með lykilstjórnendum HRV og heyra beint undir framkvæmdastjóra Verkfræðiþjónustu HRV (Engineering Alliance).

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun á sviði verk- eða tæknifræði nauðsynleg
- Þekking og reynsla í verkefnastjórnun
- Stjórnunarreynsla
- Reynsla á sviði fjármála.
- Góð þekking og reynsla í rekstri fyrirtækja æskileg
- Góð tungumálakunnátta nauðsynleg (Enska og Íslenska)

Við leitum að hæfileikaríkum einstaklingi sem hefur metnað og jákvæð samskipti að leiðarljósi.

Búseta á Austurlandi er áskilin.

### Nánari upplýsingar um starfið veita:

Símon Þorleifsson, (framkvæmdastjóri Engineering Alliance) [simon@hrv.is](mailto:simon@hrv.is) og Auðunn Gunnar Eiríksson (Mannauðstjórnun) [audunn.eiriksson@hrv.is](mailto:audunn.eiriksson@hrv.is)

Umsóknarfrestur er til 25. okt. 2011

Umsóknir skulu berast á netfangið [audunn.eiriksson@hrv.is](mailto:audunn.eiriksson@hrv.is)



Skýrr er að leita að:

# Starfsfólki – það er brjálað að gera!

Sjö spennandi störf hjá stærsta (og skemmtilegasta) UT-fyrirtæki landsins

## Forritari veflausna

Skýrr leitar að snillingi til að vinna við forritun og uppsetningu vefja fyrir stóran hóp viðskiptavina fyrirtækisins. Við leitum að gúru í vefmálum.

### Hæfniskröfur

- Gott vald á m.a. .NET, CSS, HTML, XML, JavaScript og jQuery
- Þekking og reynsla af forritun vefja og háskólagráða æskileg
- Gríðarlegur áhugi á vefmálum og vefstöðlum

## App forritari

Skýrr leitar að fólki til að vinna við forritun á snjallsíma- og spjaldtölvulausnum (iOS og Android). Við leitum að fólki með mikla reynslu og hugmyndaauðgi.

### Hæfniskröfur

- Háskólagráða í tölvunarfræðum eða sambærilegum greinum
- Haldgóð reynsla í forritun á snjallsíma og/eða spjaldtölvulausnum
- Gríðarlegur áhugi á snjalllausnum

## Hugbúnaðarsérfræðingur í Microsoft Dynamics NAV

Skýrr leitar að öflugum liðsmanni fyrir viðskiptalausnina Microsoft Dynamics NAV. Starfið felst í forritun, innleiðingum og uppfærslum fyrir viðskiptavinum Skýrr, ásamt áframhaldi í þróun á sérlausnum Skýrr.

### Hæfniskröfur

- Háskólagráða í tölvunarfræði, verkfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla í Microsoft Dynamics NAV er æskileg
- Microsoft Dynamics NAV prófgráður eru kostur

## Hugbúnaðarsérfræðingur í ÓPUSallt og handtölvum



Skýrr leitar eftir liðsstyrk í öflugan, samheldinn og kraftmikinn hóp sérfræðinga í ÓPUSallt Viðskiptalausnum. Starfið felst í þróun, ráðgjöf og innleiðingu á ÓPUSallt og handtölvum fyrir viðskiptavinum Skýrr.

### Hæfniskröfur

- Háskólagráða í tölvunarfræðum
- Gott vald á .NET
- Þekking á MS SQL

## Almennar hæfniskröfur

Í öllum störfunum er krafist framúrskarandi hæfni í samskiptum, ríkrar þjónustulundar og sjálfstæði í vinnubrögðum. Í boði eru góð laun fyrir rétta fólkið. Verkefni eru fjölbreytt og starfsumhverfið spennandi.



## Vörustýring Oracle

Skýrr leitar eftir liðsstyrk í öflugan, samheldinn og kraftmikinn hóp sérfræðinga í vörustýringarhluta Oracle viðskiptalausna. Starfið felst í uppsetningu, innleiðingu, ráðgjöf og verkefnastjórn fyrir viðskiptavinum Skýrr.

### Hæfniskröfur

- Háskólagráða í viðskiptafræði eða sambærilegum greinum
- Þekking og reynsla í vöru- og innkaupastýringu æskileg

## Hugbúnaðarsérfræðingur í C# og .NET

Skýrr leitar að ungu og kraftmiklu fólki sem er tilbúið að slást í hóp reynslubolta í faginu. Í boði er frábært tækifæri fyrir unga og upprennandi snillinga. Starfið felst í þróun á lausnum tengdum kassakerfum Skýrr, vefþjónustutengingum við viðskiptakerfi Skýrr og þróun eigin sérlausna.

### Hæfniskröfur

- Háskólagráða í tölvunarfræði eða verkfræði
- Þekking á C#, .NET og MS SQL skilyrði
- Reynsla í Delphi kostur

## Snillingur í Viðskiptagreind (BI)

Skýrr leitar að starfsmanni í almenna ráðgjöf og þjónustu ásamt hönnun og smíði viðskiptagreindarlausna með áherslu á Targit og Microsoft BI. Verkefni eru fjölbreytt og fela m.a. í sér útfærslur á skýrslum, gagnateningum, framkvæmd þarfagreiningar, verkefnastjórnun og kennslu.

### Hæfniskröfur

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Reynsla af útfærslu og beitingu verkfæra á sviði viðskiptagreindar
- Reynsla af þarfagreiningum og verkefnastjórnun er kostur
- Þekking á gagnagrunnum
- Brennandi áhugi á að vinna með fólk og tölur

## Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Unnur Flygenring, sérfræðingur á mannauðssviði Skýrr (unnur.flygenring@skýrr.is). Tekið er á móti umsóknum á vef Skýrr (www.skyrr.is). Umsóknarfrestur er til og með 14. október næstkomandi. Fullum trúnaði heitið. Öllum umsóknum verður svarað.

## Skýrr: Stórt og næs

Skýrr er stærsta og skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni. Skýrr er jafnframt níunda stærsta UT-fyrirtæki Norðurlanda með tæplega 1.100 starfsmenn, þar af 600 á Íslandi.

Viðskiptavinir skipta tugþúsundum. Skýrr er vottað samkvæmt alþjóðlegu gæða- og öryggisstöðlunum ISO 9001 og 27001. Fyrirtækið býður atvinnulífni og einstaklingum heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, vélbúnaðar og rekstrarþjónustu. Skýrr er jafnréttissinnað, fjölskylduvænt og hlúir vel að starfsfólki. Sveigjanlegur vinnutími, góð laun og frábær vinnuaðstaða í boði. Kaffið er magnað og maturinn fyrsta flokks. Félagslíf er kraftmikið og uppákomur tíðar. Gildi Skýrr eru ástríða, snerpa og hæfni.

569 5100  
skyrr@skyrr.is

**SKÝRR**  
Velkomin



VERÐLAGSSTOFA  
SKIPTAVERÐS

Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna í samræmi við lög nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs. Nánari upplýsingar um starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs er að finna á heimasíðu stofunnar [www.verdlagsstofa.is](http://www.verdlagsstofa.is).

## Laus staða sérfræðings hjá Verðlagsstofu skiptaverðs

Verðlagsstofa skiptaverðs á Akureyri auglýsir lausa stöðu sérfræðings. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2012.

### Helstu verkefni:

- Öflun upplýsinga um fiskverð og fleira.
- Greining gagna og úrvinnsla.
- Afgreiðsla erinda frá sjómönnum og útvegs mönnum.
- Þjónusta við hagsmunasamtök sjómanna og útvegs manna.
- Almenn skrifstofustörf.

### Hæfnis- og menntunarkröfur:

- Háskólamenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð færni í notkun töflureiknis (Excel) og góð færni í ritvinnslu (Word).
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð færni til að tjá sig í rituðu máli.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.

Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu á sjávarútvegi, launaútreikningum sjómanna og á kjarasamningum milli sjómanna og útvegs manna. Þekking á Focal skjalakerfi er eftirsóknarverð.

Nánari upplýsingar um starfið veita Gunnar H. Sigurðsson og Ingveldur Jóhannesdóttir í síma 461 4480.

Umsóknir sem hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem máli kann að skipta sendist á netfangið [verdlagsstofa@verdlagsstofa.is](mailto:verdlagsstofa@verdlagsstofa.is) eða með bréfi til Verðlagsstofu skiptaverðs, Oddeyrarskála við Strandgötu, 600 Akureyri merktar „Starf sérfræðings“.

Umsóknarfrestur er til og með 27. október 2011. Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.



[www.alltfasteignir.is](http://www.alltfasteignir.is) Fasteignasala & Leigumíðun s. 965-1233  
Síðumúla 29, 2.hæð 108 Reykjavík, [www.alltfasteignir.is](http://www.alltfasteignir.is)

## Sölufulltrúi fasteigna

Vegna aukinna verkefna ætlum við að fjölga sölufulltrúum. Erum að leita að einstaklingum með reynslu eða próf eða lögg. til fasteignasala. Jafnframt viljum við gefa nýliðum tækifæri. Árangurstengd laun - miklir möguleikar.



Áhugasamir heimsæki okkur að  
Síðumúla 29 2.hæð á milli 13 og 15 næstu daga.

Þorbjörn Pálsson  
Löggiltur fasteignasali  
S: 8981233

## Ert þú hress, duglegur og þjónusturíkur einstaklingur?

Við höfum þá starf fyrir þig!

Ein ástsælasta bón og þvottastöð landsins er komin í nýtt húsnæði í Grjóthálsi 10 eftir að hafa verið í Söltúninu í mörg ár.

Vertu hluti af frábæru liði hjá framúrskarandi fyrirtæki!

Umsóknir berist fyrir 17. október til  
[starf@bonogthvottastodin.is](mailto:starf@bonogthvottastodin.is)



ERT ÞÚ LEIÐTOGI MEÐ BRENNANDI ÁHUGA Á ÍÞRÓTTUM, LÍKAMSRÆKT OG HOLLRI NÆRINGU?

ÞÁ ERUM VIÐ AÐ LEITA ÞÉR.

VIÐ VILJUM RÁÐA ÖFLUGAN VÖRUMERKJASTJÓRA TIL AÐ LEIÐA EITT ÞEKKTASTA FÆÐUBÓTAMERKI Á ÍSLANDI.



### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar
- Stjórnun samskipta við birgja og viðskiptavini
- Greining á markaði og sölutækifærum
- Gerð og dreifing kynningarefnis og umsjón með birtingu auglýsinga
- Hvatning, stuðningur og stjórnun starfsmanna
- Gerð sölu- og rekstraráætlana
- Eftirfylgni í sölu- og markaðsmálum

### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi á neytendavörumarkaði
- Þekking á fæðubótarefnum
- Reynsla af markaðssetningu á samfélagsmiðlum og internetinu
- Skipulagshæfni og frábærir samskiptahæfileikar
- Mjög góð ritfærni á íslensku
- Góða kunnátta í ensku
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Artasan ehf. er sérhæft fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyffjum, fæðubótarefnum og neytendavörum. Artasan er umboðsaðili EAS sem er einn stærsti fæðubótaframleiðandi í heimi.

Gildi Artasan eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni!



Nánari upplýsingar um starfið veita Brynjúlfur Guðmundsson, framkvæmdarstjóri [bg@artasan.is](mailto:bg@artasan.is) s. 824-9220 og Vilborg Gunnarsdóttir, starfsmannastjóri [vilborg@artasan.is](mailto:vilborg@artasan.is) s. 824 7136. Umsóknarfrestur er til 16. október næstkomandi. Umsóknir og ferilskrár með nöfnum umsagnaraðila sendist á netfangið [starf@artasan.is](mailto:starf@artasan.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.



## Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi verkefni hjá Össuri?

Össur leitar að hugmyndaríkum, metnaðargörnum og skapandi einstaklingum til starfa á Þróunarsvið fyrirtækisins. Störfín fela í sér fjölbreytt verkefni og mikil samskipti við starfsmenn annarra sviða og starfsstöðva víða um heim. Í öllum störfunum er krafist mjög góðrar enskukunnáttu, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum.

### VÉLHLUTAHÖNNUÐUR

#### STARFSSVIÐ

- Þátttaka í hönnun á nýjum vörum
- Þróun á vörum fyrirtækisins
- Undirbúningur framleiðslu nýrra vara

#### HÆFNISKRÖFUR

- MSc í vélaverkfræði eða véltæknifræði
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla
- Reynsla af vélhlutasmiði og viðhaldi vélhluta
- Reynsla af hönnun fyrir framleiðslu
- Reynsla af framleiðslu á vélbúnaði er æskileg
- Þekking á verkefnastjórnun er æskileg

### TÆKNILEIÐTOGI NOTENDAHUGBÚNAÐAR FYRIR RAFEINDAVÖRUR

#### STARFSSVIÐ

- Tæknileg umsjón með hönnun, framleiðslu, dreifingu og viðhaldi á notendahugbúnaði fyrir rafeindavörur
- Umsjón með verkferlum til hugbúnaðargerðar og þróun þeirra

#### HÆFNISKRÖFUR

- MSc í hugbúnaðarverkfræði eða tölvunarfræði
- Að lágmarki 5 ára starfsreynsla
- Reynsla af stjórnun hugbúnaðarverkefna
- Reynsla af heilbrigðissviði er æskileg

### VÖRUHÖNNUÐUR

#### STARFSSVIÐ

- Þátttaka í hönnun á nýjum vörum
- Þróun á vörum fyrirtækisins
- Undirbúningur framleiðslu nýrra vara

#### HÆFNISKRÖFUR

- MSc í vélaverkfræði, véltæknifræði eða vöruhönnun
- Að minnsta kosti 5 ára starfsreynsla
- Reynsla af hönnun fyrir framleiðslu
- Innsýn í iðnhönnun

### VÖRUHÖNNUÐUR FYRIR RAFEINDAVÖRUR

#### STARFSSVIÐ

